

ÍSAN1GT05

Búið til: Wed, 27 May 2015 19:55:37 GMT

Titill

Íslenska sem annað mál - IV

Skammstöfun

ÍSAN1GT05

Útgáfunúmer

10

Námsgrein

Íslenska sem annað mál

Viðfangsefni

hlustun, ritun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

FB

Lýsing

Áfanginn er grunnáfangi tvö í íslensku fyrir tvítyngda nemendur. Haldið er áfram með innlögnum grunnþátta málkerfisins og viðfangsefni fyrir áfanga eru rifjuð upp. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun og meiri áhersla lögð á þjálfun í lesskilningi með lestri léttlestrarbóka, greina og rauntexa úr öðrum námsgreinum nemenda. Einnig þjálfast þau í að skrifa lengri texta en áður. Áfanginn raðast á B1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (ETM).

Forkröfur

Nemendur hafi lokið við ISLA1GE06

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná leikni- og hæfnimarkmiðum áfangans
- grundvallarþáttum í íslensku málkerfi svo sem framburði, tónfalli og flóknari málfræðiatríðum
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum áfangans bæði munnlega og skriflega
- einfaldari hugtökum annarra námsgreina

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja ólíka texta sem tengjast eigin áhugasviði eða texta um almennt og sérhæfðara efni sem fjallað er um í áfanganum
- fylgjast með frásögnum eða samtölum og taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur kynnt sé
- skilja og geta tjáð sig í mæltu og rituðu máli um léttan texta, stuttar greinar og geta fjallað um efnið munnlega og skriflega og sýna fram á skilning á formgerð og byggingu textans
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi
- skrifa samfellda texta um ýmis efni sem hann þekkir, t.d. útdrætti og óformleg bréf og fylgja grundvallarreglum sem gilda um ritað mál og nota viðeigandi málfar
- skilja betur hugtök annarra námsgreina

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja frásagnir og ná aðalatriðum úr fjölmiðlum og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt og afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu
- tjá sig um þjóðfélagsleg og menningarleg málefni og nýta nýjan orðaforða bæði munnlega og skriflega
- skrifa um ýmis málefni og atburði, ímyndaða eða raunverulega, og miðla eigin skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. öðru námsefni, kvikmynd, blaðagrein eða sögu
- takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum og halda samtali gangandi

Námsmat

Þekking er metin með prófum og verkefnum sem bæði eru unnin heima og í kennslustundum. Leikni er metin með fjölbreyttum verkefnum, könnunum og kynningum sem taka mið af færniþáttunum fjórum samkvæmt ETM (tali, hlustun, lestri og ritun).

Skólar

Fyrirmynd